



## Fundargerð

69. fundur sjálfbærnisráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
25. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Bjarni Halldór Heiðuson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs, Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Bjarni Halldór Heiðuson fundinn í hans stað.

Guðni Ívar Guðmundsson boðaði forföll.

\* \* \*

### 1. Sveitarstjórnarkosningar í Reykjanesbæ 2026 (2026010121)

Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Hrefna Gunnarsdóttir persónuverndarfulltrúi og Krístrún Björgvinsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi mættu á fundinn. Ólafur Bergur Ólafsson verkefnastjóri Fjörheima kom inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Rætt var um þátttöku Fjölbrautaskóla Suðurnesja í aðdraganda kosninga, kosningamál hjá Reykjanesbæ og markaðs- og kynningarmál tengd kosningum.

Skólameistari tók vel í þá hugmynd að halda skuggakosningar tengdar sveitarstjórnarkosningum í fyrsta sinn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er stefnt að því að þær verði haldnar í lýðræðisvikunni 22.-29. apríl næstkomandi.

### 2. Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda (2023030124)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmennningar mætti á fundinn og fór yfir stöðu verkefnisins, en fyrsta vinnustofan fór fram 19. mars síðastliðinn og var góð þátttaka í henni.

Sjálfbærnisráð fagnar áhuga á vinnustofunni tengdum aukinni kosningaþátttöku íbúa af erlendum uppruna.

### 3. Hátækniþrenslustöð (2026010544)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður sjálfbærnisráðs fór yfir hugmyndir að samantekt um málið.

### 4. Grenndarstöðvar í Reykjanesbæ (2024040512)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi gerði grein fyrir stöðu málsins.

**5. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjanesbæjar (2023110097)**

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi fór yfir stöðu málsins.

Samræma þarf innkaup á sörpílátum fyrir starfsstöðvar Reykjanesbæjar. Sjálfbærniráð vísar málinu til skoðunar hjá bæjarráði.

**6. Sjálfbærni Reykjanesbæjar (2021010385)**

Málinu frestað til næsta fundar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.